



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 9. fundar
(1. fundur á skólaárinu 2012-2013)
fimmtudaginn 8. nóvember 2012 kl. 08:30

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, ritari, fulltrúi annars starfsfólks
Viktoría Gilsdóttir, kennari
Þórir Andri Karlsson, kennari
Elín J. Ólafsdóttir, foreldri
Steinarr Lár Steinarsson, foreldri
Selma Björk Hermannsdóttir, nemandi í 10. bekk

Isabelle Helga Proppé-Bailey, nemandi í 9. bekk, komst ekki á fundinn
Forföll boðaði Ragnheiður Hansson, fulltrúi grenndarsamfélags

Fundarritari var Helga Júlía Vilhjálmsdóttir

1. Hlutverk skólaráðs

Margrét fór yfir reglugerð um skólaráð við grunnskóla og ræddi um þau viðfangsefni sem skólaráði er ætlað að sinna. Skólaráðið hefur haldið að öllu jöfnu þrjá til fjóra fundi á ári og fjallar m.a. um skólanámskrá, starfsáætlun og tekur þátt í breytingarferli skólans. Margrét benti á að skólaráðið fari ekki yfir rekstraráætlun skólans því sú grein á ekki við um sjálfstætt rekna skóla. Skólaráðinu er ætlað m.a. að hafa einn opinn fund á ári sem við höfum skipulagt tvö undanfarin ár til að gera eitthvað skemmtilegt með foreldrum og nemendum.

2. Verkefni skólaráðs á síðasta skólaári

Upprifjun á verkefnum skólaráðs í fyrra:

- Nemendur skólans bjuggu til reglur um hvernig standa skuli að kosningu nemenda í skólaráð.
- Farið var yfir starfsáætlun og hún samþykkt.
- Tókum fyrir tillögu frá frá Kvos um að fella niður fastan nestistíma (fengu undanþágu á 3. önn)

- Ýmis mál rædd; s.s. fengum ábendingu frá fulltrúa í skólaráði um að Kvennaskólinn væri með fínan íþróttasal (notum hann núna), forvarnir og fl.
- Fórum yfir öryggismál nemenda.
- Funduðum með nemendaráði sem tókst afar vel, nemendur komu með góðar ábendingar um endurbætur sem tengdust svo nefndum rannsóknarverkefnum.
- Vorviðburður var skipulagður í kjölfar tillögu frá nemanda í ráðinu; leikhúsfærð nemenda, foreldra og kennara.
- Nemendur komu með hugmynd að Tjarnarskólapeysum en það verkefni er í vinnslu.

3. Viðfangsefni skólaráðs á þessu skólaári.

- Rætt um fjölda funda. Samþykkt að hafa a.m.k. þrjá fundi á skólaárinu, þar af einn „opinn fund“.
- Næsti fundur settur 30. janúar . Á þeim fundi verður rætt um opna fundinn og skipulag hans.
- Í lok mars fundum við með nemendaráði.
- Elín kom með tillögu að spurningakeppni milli nemenda og foreldra.
- Í fyrra kom upp hugmynd að það gæti verið gaman að gera eitthvað skemmtilegt með útskrifatanemum í vor í kjölfar skólaslitanna (sérstaka kveðjustund fyrir nemendur og foreldra). Ákveðið var að Selma ræði þetta við nemendur og hvetji þá til að koma með góðar tillögur sem skólaráðið getur rætt.

4. Önnur mál

Margrét spurði fundarmenn um hvernig þeim litist á Námfús sem er rafræn samskiptasíða (sambærileg við Mentor). Vefsíðan var tekin í notkun í byrjun skólaársins og hefur verið í prufukeyrslu undanfarnar vikur. Flestir sammála um að þetta væri mjög góð samskiptaleið og fólk væri almennt mjög ánægt með þessa nýjung. Selma sagðist vera komin upp á lag með að nota síðuna til þess að fá upplýsingar um heimanám og fleira en var ekki viss um að allir nemendur notuðu Námfús eins mikið. Margrét stakk upp á að leggja könnun fyrir foreldra um hvort þeir væru ánægðir með þetta fyrirkomulag.

Margrét sagði skólaráðinu frá því að framundan komi fulltrúar frá Skóla- og frístundasviði til með að vinna svo nefnt heildarmat á skólasterfi Tjarnarskóla. Undanfarin ár hafa rúmlega 30 Reykjavíkurskólar verið metnir á þennan hátt og nú í vetur verða sjálfstætt reknir skólar í Reykjavík metnir á sambærilegan hátt, en Landakotsskóli var metinn síðast liðið skólaár. Í þessu ferli verða búnir til rýnihópar, nemenda, kennara og foreldra sem koma til með að taka þátt í þessu matsferli.

Fleira ekki gert, fundi slitið eftir rétt rúmlega klukkustund.

HJV